


Grunnmynd
Mkv. 1:50




Snið B
Mkv. 1:50




Snið A
Mkv. 1:50

Gilsbakki-Gilhagi lóð
Landnúmer: 154155

Um er að ræða frístundahús á eignarlóð í landi Gilsbakka-Gilhaga í Öxarfirði. Upphaflegt byggingarár er 1988, en árið 2003 var byggð geymsla fyrir hitakút og þakskyggni yfir hluta sólpalls. Árið 2007 var reist 15m² gestahús norðan við bústaðinn.

Húsið er í notkunarflokki 3. Eitt handslökkvitæki verður í húsinu við aðalinngang á suðausturhlið hússins. Reykskynjarar skulu vera í herbergjum og alrými. Björgunarop eru úr herbergjum. Tvær flóttaleiðir eru út úr alrými. Húsið verður loftræst með opnanlegum fögum á gluggum.

**Byggingarlýsing:**
Húsið er timburhús með veggjagrind úr 50x120mm stoðum, millibil að jafnaði c/c 600mm. Veggir eru klæddir að innan með rásuðum krossvið, en að utan með 12mm tjörutexi, loftunarlistum og vatnsklæðningu úr pressuðum pappa.
Gólfsperrur eru úr 50x175mm efni, en þaksperrur eru sýnilegar að innan úr 45x140mm efni með c/c 1200mm millibili. Ofan á þaksperrurnar er klætt með panel, síðan 50x120mm dregurum undir þakklæðningu og þakjárni. Öll holrými eru einangruð með steinull í viðeigandi þykktum.
Undirstöður hússins eru á 4 röðum af steyptum súlum sem ná niður í móhellu, a.m.k. 80sm dýpt undir jarðveg. Ofan á þessar undirstöður festast með flatjárnum tvöfaldir 50x195mm burðarbitar upp á rönd og hvíla gólfsperrur á þeim, festar með BMF-vinklum eða sambærilegu.

Húsið er hitað með rafmagni auk þess sem kabyssa gefur viðbótarhita. Húsið er tengt við vatnslögn og fæst heitt vatn úr hitakút.

0 1 2 3 4 5
1:50

**Stærðir:**

| | fyrir | eftir |
|---|---|---|
| Brúttóflatarmál húss: | 38.1 m² | 56.1 m² |
| Brúttórúmmál húss: | 124.2 m³ | 181.0 m³ |

**Fyrirliggjandi framkvæmd:**
Breytingar þær sem sótt eru um, snúast að hluta um endurnýjun og viðgerðir á ýmsum byggingarhlutum; meðal annars pípulagnir, nýtt reykrör frá kabyssu og betri brunatefjandi frágang í vegg aftan við kabyssuna. Bætt er við flóttaleið norður úr húsinu, auk opnanlegs glugga á lofti til loftræstingar. Veigamest er þó að stækka forstofu og herbergi auk sameiginlegs rýmis.
Burðarbitar undir húsi voru á sínum tíma framlengdir og þeim fjölgað fyrir byggingu á sólpalli sunnan og vestan við húsið.
Því er sótt um að fá að taka húsið í sundur við miðjuskilvegg, draga suðurendann til suðurs um 300sm (5 grindarbil) á burðarbitum, og endurbyggja bilið á milli húshlutanna. Burðarbitarnir verða lagaðir og styrktir eftir því sem ástand þeirra gefur til kynna. Frágangur viðbótarinnar yrði í samræmi við upphaflegar teikningar til að halda fyrirliggjandi ásýnd sem best; ef krafa kemur fram um að laga atriði eins og einangrunargildi að núgildandi byggingareglugerð, yrði það gert þegar skipt yrði um þakjárn og vatnsklæðningu utan á húsi.

*Skýringar*

| | |
|---|---|
| SL | Slökkvitæki |
| R | Reykskynjari |
| HS | Hitaskynjari |
| LR | Loftræsing |
| BO og | Björgunarop (B min=0 B+H=1,5 m) |
| NF | Gólfniðurföll |
| RÞ | Rotþró |
| ST | Stjórnstöð eldvarnark |
| BS | Brunaslanga |
| ÚT | Útgangur |

| Dags. | Nr. | Breytingar: |
|---|---|---|

VERKHOF EHF
Fellsmúli 26 • 108 Reykjavík • Sími: 517 9050 • Netfang: verkhof@verkhof.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Heiti verks: Gilsbakki-Gilhagi - Sumarhús, Öxarfirði | | Hönnuðir: Svavar M. Sigurjónsson 180867-3419; Björgvin Ó. Sigurjónsson 110481-5279 | Dags: 25.02.2021 |
| | | | Geymslunr.: 101 |
| Heiti teikningar: Aðal- og brunavarnaruppdráttur; Grunnmynd og snið; Skýringar | | Samþykkt: Svavar M Sig. | Verknúmer: 21-58 |
| | | Aðalhönnuður: | Mælikv: 1:50 |
| Hannað: SMS/- - - ; Teiknari: - - - / SMS | Mælt: HM; Yfirfarið: BÓS | Samþykkt: | Teikn.nr.: 101 |

.2021 11:03:08